

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

11. fundur miðstjórnar fimmtudaginn 26 apríl 2012.

Mæting:

Bára Halldórsdóttir, Ómar Baldursson, Grétar Guðmundsson, Guðrún S Bergþórsdóttir, Kristín Benediktsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason, Júlía Björk Þórðardóttir, Sighvatur D Sighvatz, Andri Jóhannesson, Eyjólfur Ólafsson, Jakob Tryggvason, Einar Ág. Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Helgi Jónsson.

Forföll: Sigurður Sigurðsson.

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Ársreikningar RSÍ
3. Sambandsstjórnarfundur.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. ÁRSREIKNINGAR RSÍ 2011.

Áður en farið var yfir reikninga sambandsins, fór formaðurinn Kristján í stórum dráttum yfir skýrslu miðstjórnar sem lögð verður fram á sambandsstjórnarfundinum sem haldinn verður seinna í dag í Reykjanesbæ. Þar kom m.a. fram að félagsmönnum hefur fjölgað um 5% á milli ára.

Hann ræddi síðan stöðu mála og hvernig síðasta starfsár hefði verið í hnotskurn.

REIKNINGAR SAMBANDSINS.

Gjaldkeri/formaður fóru yfir reikninga sambandsins, og gerðu grein fyrir helstu kennitölum. Í máli þeirra kom fram, að fjárhagsstaða sambandsins er góð.

Rekstrartekjur hafa aukist á milli ára. Voru árið 2010 kr. 427.829.885.- en árið 2011 kr. 460.184.825.-

SAMBANDSSJÓÐUR.

Iðgjöld félagsmanna hækka milli ára. Voru árið 2010 kr. 89.556.831.- en árið 2011 kr. 96.094.460.-

Rekstrargjöldin hækkuðu einnig fóru úr kr. 93.970.483.- árið 2010 í kr. 101.350.564.- árið 2011.

Sambandssjóður rekinn því með halla á síðasta ári uppá kr. 7.014.143.-

STYRKTARSJÓÐUR.

Tekjur sjóðsins árið 2011 voru kr. 221.431.495.- en árið 2010 voru tekjurnar kr. 205.971.100.-.

Útgjöld sjóðsins hafa einnig aukist milli ára voru kr. 173.378.681.- árið 2010 en árið 2011 kr. 204.066.233.-

Rekstrarafkoma sjóðsins er því kr. 78.516.173.-

Fleiri sækja nú um styrki úr sjóðnum en áður, og eru það yfirleitt tekjuhærri menn en áður. Mest aukning er á umsóknum um sjúkradagpeninga.

ORLOFSSJÓÐUR.

Tekjur sjóðsins voru kr. 134.990.963.- en árið 2010 kr. 122.839.358.-

Gjöld sjóðsins eru 138.218.996. Tap er því á sjóðnum uppá rúmar 3 milljónir króna.

VINNUDEILUSJÓÐUR.

Tekjur sjóðsins voru árið 2011 kr. 21.841.979.- en árið 2010 kr. 14.425.595.-

Sjóðurinn hagnaðist um rúmlega 7 milljónir á síðasta ári.

Tekjur sjóðsins voru fyrst og fremst vaxtatekjur af skólabréfum Rafiðnaðarskólans.

MENNINGARSJÓÐUR.

Sjóðurinn var rekinn með hagnaði uppá kr. 3.536.172.-

Önnur mál.

Íbúðin í Kaupmannahöfn.

Eigum við segja henni upp í haust eða eigum við að halda henni til áramóta?

Samþykkt að leigja íbúðina til áramóta til að byrja með.

1. Maí.

Farið var yfir dagskrá hátíðarhaldanna, og félagsmenn hvattir til að mæta í kröfugöngu og á útifund sem haldinn verður á Ingólfstorgi. Eftir fund verður boðið uppá kaffiveitingar í Rafiðnaðarskólanum að Stórhöfða 27. Áætlað er að fundurinn standi í u.þ.b. 50 mínútur.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.20

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.